

Sí- og endurmenntunaráætlun Tónlistarskólans á Egilsstöðum

Í Tónlistarskólanum á Egilsstöðum hvílir kennsla á faglegum grunni. Þar er því lögð áhersla á að kennarar og skólastjórnendur stundi sí- og endurmenntun til þess að efla starfshæfni sína og viðhalda henni. Sí- og endurmenntun starfsmanna telst öll formleg fræðsla eins og nám, námskeið, fræðsluerindi, fræðslufundir og skipulagðar símenntunarferðir. Einnig getur ýmis óformleg fræðsla, svo sem sjálfsnám og listræn verkefni, talist til símenntunar verði hún augljóslega til þess að efla starfshæfni kennara. Gert er ráð fyrir að sí- og endurmenntunaráætlunin sé ávallt í endurskoðun og geti breyst eftir aðstæðum, tækifærum og verkefnum hverju sinni.

Öllum starfsmönnum Tónlistarskólans er heimilt að taka þátt í símenntunaráætlun hans og ætlast er til þess að fastráðnir kennarar og skólastjórnendur geri það. Allir fastráðnir starfsmenn sækja skyndihjálparnámskeið á tveggja ára fresti og svæðisþing tónlistarskóla árlega. Einnig býður skólinn upp á önnur símenntunarnámskeið eftir þörfum. Reglulega eru skipulagðar hópferðir í símenntunarskygni sé þess kostur. Að öðru leyti vinnur skólastjóri einstaklingsmiðaða símenntunaráætlun í samvinnu við hvern starfsmann, enda eru tónlistarkennarar mjög sérhæfðir og hafa því afar mismunandi sí- og endurmenntunarþarfir. Kennarar funda að minnsta kosti einu sinni á ári með skólastjóra til þess að fara yfir sí- og endurmenntunaráætlun sína og þeir skila inn gögnum um eigin sí- og endurmenntun til skólastjóra. Skólastjóri heldur utan um og skjalfestir framkvæmd símenntunaráætlunar.

Skólastjóri kynnir símenntunarkosti og stuðning við símenntun árlega fyrir starfsfólki. Lögð er áhersla á að nýta vel þá styrki sem starfsmenntunarsjóðir Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum og Félags íslenskra hljómlistarmanna bjóða upp á. Tónlistarskólinn styður einnig við sí- og endurmenntun starfsmanna sinna með ýmsum hætti. Starfsmenn skólans mega stunda nám í hóptímum sem kenndir eru við skólann endurgjaldslaust. Skólinn veitir einnig prófdæmingu fyrir starfsmenn í stigsprófum og greiðir prófdæmingu fyrir starfsmenn sem taka áfangapróf Prófanefndar tónlistarskóla. Hann greiðir einnig námskeiðs-, ferða- og upphaldskostnað vegna námskeiða sem kennurum er gert skylt að sækja sem hluti af símenntunaráætlun, en ætlast er til þess að sótt sé um í sjóði stéttarfélagana fyrir önnur námskeið. Fljótsdalshérað styður einnig við endurmenntun starfsmanna með styrkjum úr endurmenntunarsjóði og allt að 15% afslætti á vinnuskyldu á meðan á starfstengdu námi stendur, gegn því að starfsmenn skuldbindi sig til þess að vinna áfram hjá sveitarfélaginu.